



Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið
Arndís Á Steinþórsdóttir og Hinrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Skj. n.	10. 7. 2
Innk.	27. JAN. 2012
Abm. HG	Fskj.
Sl. R.	1110 0070

Hornafirði, 26. janúar 2012
nr. erindis 201111035 HPV

Málefni: Úthlutun byggðakvóta á Hornafirði.

Bæjarráð Hornafjarðar óskar eftir að við úthlutun byggðakvóta verði þeim fiskiskipum sem fá úthlutað byggðakvóta skylt að landa honum til vinnslu á staðnum og þurfa annað hvort að landa jafnmiklu magni á fiskmarkað eða til vinnslu í heimabyggð.

Rökin eru þau að í ljósi skerðingar undanfarin ár á aflaheimildum má vera ljóst að útgerðir í byggðalaginu mega ekki við öðru en að geta hámarkað tekjur sínar af þeim aflaheimildum sem þær eiga eða leigja til sín.


Eftirfarandi var samþykkt á fundi bæjarráðs Hornafjarðar þann 23.1.2012:

Með vísan í reglugerð nr. 1182/2011 óskar Sveitarfélagið Hornafjörður eftir að eftirfarandi breyting verði gerð á 6. gr. um úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins.

Breyting verði gerð á 1.mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1182/2011 á þann veg að:

Á tímabilinu frá 1. september 2011 til 31. ágúst 2012, er fiskiskipum skylt að landa afla til vinnslu í heimabyggð sem í þorskígildum talið nemur jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari, auk jafnmiklu magni á fiskmarkaði eða til vinnslu á Hornafirði.

Virðingarfyllst,


Hjalti Þór Vignisson
bæjarsjóri



Meðfylgjandi:

Afrit sent: